

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 9. febrúar 2017 R17010129

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
	Annað:	
R17020048	Fyrirspurn Alþingis, dags. 3.2.'17, varðandi innviðagjald og byggingarréttargjald.	Sent borgarlögmanni til meðferðar.
R17010082	Yfirlit innkaupadeildar janúar 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17010339	Hugmynd af Betri Reykjavík, afsláttur í sund, söfn og strætó fyrir fólk í fæðingarorlofi	Sent velferðarsviði til meðferðar.
R16110091	Tillaga borgarstjórnar um aðgerðir gegn notkun einnota umbúða, dags. 17.11.'17	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17020046	Tillaga um velferðarráðs, dags. 2.2.'17, um stofnun hreyfanlegs teymis til stuðnings fatlaðra einstaklinga á heimili sínu.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17020015	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 2.2.'17, um styrk til Víkings vegna byggingu blaðamannastúku.	Sent íþrótt- og tómstundasviði til umsagnar.
R17020014	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks, dags. 2.2.'17, um bættu strætisvagnatengingu í Skerjafirði.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Málsnr.: 217020048
Skjalasafn Ráðhúss
06. feb. 2017
Bréfalykill:



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 3. febrúar 2017
Tilv.: IRR17020033/0.13.1


Eftirfarandi fyrirspurn hefur verið beint til ráðherra á Alþingi af Eygló Harðardóttur þingmanni:

1. Á hvaða lagaákvæðum byggist heimild Reykjavíkurborgar til að leggja á svokallað innviðagjald og byggingarréttargjald?
2. Í hvaða tilvikum eru þessi gjöld lögð á, hvernig er fjárhæð gjaldanna ákveðin og hvaða kostnaði er þessum gjöldum ætlað að mæta?
3. Er ráðherra kunnugt um að önnur sveitarfélög hafi lagt á sambærileg gjöld við lóðakaup eða breytingar á nýtingu lóða?
4. Hyggst ráðherra kanna lagaheimildir sveitarfélaga til að leggja á gatnagerðargjald og gjöld vegna lóða með það fyrir augum að lækka byggingarkostnað?

Hér með er óskað eftir svari frá Reykjavíkurborg við 1. og 2. tölulið fyrirspurnarinnar. Er þess óskað að svarið berist ráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 17. febrúar nk.

Fyrir hönd samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra


Hermann Sæmundsson


Ólafur Kr. Hjörleifsson



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Reykjavík, 1. febrúar 2017
R16010079

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur

Málsnr.: R16010095
Skjalasafn Ráðhúss
02. feb. 2017
Bréfalykill: 3252

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lágstbjóðendur nema annað sé tekið fram.

217010082

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í janúar 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samnings-verð	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Fartölvur	Opin kerfi hf	21.749.750 án vsk	Pöntun	Örútbóð innan rammisamn.	Upplýsingatæknideild

Guðbjörg Eggertsdóttir

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Þín rödd í ráðum borgarinnar
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík
31. janúar 2017

Heiti erindis: Fæðingarorlof
Málaflokkur: Stjórnsýsla

Viðtakandi erindis: Borgarráð
Efst í málaflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Nei

Fjöldi með hugmynd: 52	Fjöldi á móti hugmynd: 1
------------------------	--------------------------

Lýsing: Þessi hugmynd á við öll hverfi. Gengur einfaldlega útá það að þeir sem eru í fæðingarorlofi fái sömu réttindi og öryrkjar/ eldri borgarar/ námsmenn s.s. ódýrara í sund, söfn og strætó.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
<p>Guðrún Harðardóttir Þeir sem eru í orlofi hafa ekki mikin pening milli handana en eru á slæpingi alla daga. Það er hollt fyrir foreldra að fara í sund og söfn. Það er þæginlegt að ferðast með barnavagn í strætó og einstakelga jákvætt og hvetjandi að kynna bíllausan lífstíl fyrir komandi kynslóð.</p>	

Umræður notenda:

Reykjavík, 17. nóvember 2016
R16110091
HBL/bp

Borgarráð

Tillaga borgarstjórnar um aðgerðir gegn notkun einnota umbúða

Á fundi borgarstjórnar þann 15. nóvember 2016 var lögð fram svo hljóðandi tillaga:

Borgarstjórn samþykkir að móta og hefja aðgerðir gegn notkun einnota umbúða í borginni. Horft verði til þess hvernig auðvelda megi borgarbúum að komast hjá einnota umbúðum og velja annað en t.d. plastpoka og annars konar einnota umbúðir. Skal aðgerðaáætlunin unnin í samstarfi við grasrótarsamtök, samtök um verslun og þjónustu, starfsmenn borgarinnar og íbúa. Þá verði skoðað hvernig megi standa að fræðslu til að ná þessum markmiðum. Rýna skal í aðra markaða stefnu borgarinnar sem kann að skipta máli fyrir verkefnið og hafa þær stefnur til hliðsjónar sem þegar hafa verið samþykktar í umhverfis-, auðlinda- og úrgangsmálum.

Borgarstjórn samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs.

Helga Björk Laxdal
e.u.

R17020046



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 3. febrúar 2017
VEL2016120014
10.4

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
Reykjavík

Tillaga dags. 19. janúar 2017, um stofnun hreyfanlegs teymis til stuðnings allt að níu fötluðum einstaklingum á heimili sínu

Á fundi velferðarráðs þann 2. febrúar 2017 var lögð fram að nýju tillaga, dags. 19. janúar 2017, um stofnun hreyfanlegs teymis til stuðnings allt að níu fötluðum einstaklingum á heimili sínu, ásamt fylgigagni.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Þetta er hér með sent ykkur til upplýsingar.

Virðingarfyllst,


Elly Alda Þorsteinsdóttir
skrifstofustjóri



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Dagsetning: 02.02.2017
Skrifstofa: Þjónustumiðstöð Vesturbæjar,
Miðborgar og Hlíða
Unnið af: Sigrúnu B. Jónsdóttur, Rögnavaldi
Þórssyni og Halldóri K. Júlíussyni
Ábyrgð: Sigbrúður Erla Arnardóttir

Lagt fyrir fund velferðarráðs 02.02.2017

Tillaga

Tillaga: Að stofnað verði hreyfanlegt teymi til stuðnings allt að níu fötluðum einstaklingum – Liðsaukinn

Forsaga:

Á fundi Velferðarráðs 19. janúar 2017 var lögð fram tillaga um að stofnað væri hreyfanlegt teymi til stuðnings við allt að níu fatlaða einstaklinga sem flokkist í þjónustumati Reykjavíkurborgar undir þjónustuflokka I og II. Umræðu var frestað fram á 2. febrúar þar sem skilgreina þurfti frekar aðkomu Liðsaukans að hópi fatlaðs fólks.

Liðsaukinn er ætlað að þjónusta allt að níu fatlaða einstaklinga sem fá úthlutun inn í sértæka búsetu hjá Reykjavíkurborg. Í stað þessa að búsetan sé öll á sama stað verða íbúðirnar staðsettar á ólíkum stöðum innan Reykjavíkurborgar.

Núverandi íbúðakjarni á Njálsgötu eru inn í stigagangi sem er í eigu Félagsbústaða og þar eru einnig íbúðir sem eru í almennri félagslegri leigu. Áætlað er að búsetukjarninn verði áfram staðsettur í húsnæði Félagsbústaða en í stað þess að allar íbúðirnar séu í sama stigagangi þá verða íbúðirnar á fleiri stöðum þvert á Reykjavík.

Í samstarfi við starfsmenn, íbúa og aðstandendur búsetukjarnans á Njálsgötu var ákveðið að leita leiða í að þjónusta við íbúann gæti farið fram út frá forsendum hvers og eins um þjónustupörf. Í stefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að þróaðar séu margvíslegar leiðir í þjónustu við fatlað fólk til að auðvelda því að búa sjálfstætt. Út frá þeirri þjónustu sem var í boði í fyrrnefndu úrræði er lögð fram eftirfarandi tillaga.

Greinagerð:

Stefnt er að stofnun hreyfanlegs teymis, LIÐSAUKA, sem veitir fötluðu fólki stuðning á heimilum sínum. Við stofnun teymisins er gert ráð fyrir að búsetukjarnanum að Njálsgötu verði breytt þannig að íbúðirnar sem áður voru allar í sama stigagangi verði færðar til innan Reykjavíkur og teymið verði færnanlegt eftir því hvar íbúðirnar eru. Liðsaukinn mun þjónusta fólk með þroskahamlanir og skyldar raskanir sem jafnframt er að takast á við hegðunar og/eða fíknivanda og fellur undir þjónustuflokka I og II samkvæmt þjónustumati Reykjavíkurborgar. Þeir einstaklingar sem fá þjónustu frá Liðsaukanum hafa allir fengið úthlutun inn í sértæka búsetu í gegn um úthlutun sértæks búsetuúrræða á Velferðarsviði.

Markmið Liðsaukans er að veita einstaklingsmiðaðan og heildstæðan stuðning inn á heimili fatlaðs fólks. Liðsaukinn mun aðstoða við allar athafnir daglegs lífs og stefna að því að auka lífsgæði og færni einstaklingsins. Liðsaukinn mun starfa eftir stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk, lögum um málefni fatlaðs fólks og sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Stefnt er að því að veita jafn yfirgripsmikla þjónustu og veitt er í út frá kjarnaþjónustu en þó án kjarnans og er það helst verið að miða að þeim hóp sem ekki hefur áhuga á að tengjast búsetu/þjónustukjarna. Öll þjónusta fer fram á heimili þjónustuþega eða á þeim stöðum sem viðkomandi þarfnast þjónustu.

Áætlað er að teymið sinni sama fjölda íbúa og áður á Njálsgötu eða níu einstaklingum. Innleiðing nýrra vinnubragða verði komin á vor mánuðum 2017. Þá verði stefnt að því að allir núverandi íbúar búsetukjarnans verði komnir í annað húsnæði, annað hvort í þjónustu teymisins, Liðsaukans, eða í öðrum búsetukjörnum eftir þjónustuþörfum hvers og eins.

Samantekt:

Búsetukjarninn á N65 hóf starfsemi sína í apríl árið 2013 sem sólarhringsúrræði. Búsetan er ætluð ungu fólki með þroskahömlun og fjölþættan hegðunarvanda (tvígreiningar) sem er að koma í sína fyrstu búsetu úr foreldrahúsum. Í íbúðakjarnanum voru mest sjö ungir karlmenn í sjö litlum einstaklingsíbúðum auk þess að tveir voru í utankjarna þjónustu, níu karlmenn. Úrræðið á Njálsgötu var hugsað tímabundið húsnæði á meðan gengið væri frá langtímahúsnæði fyrir kjarnann. Markmiði er að auka lífsgæði íbúanna með því að aðstoða þá við dagleg störf og að halda ákveðinni samfellu á daglegu lífi. Íbúar eru í þjónustuflokki II og eru 14 starfsmenn í 9,3 stöðugildum.

Úttekt var gerð 2015 þar sem kom fram að vel var staðið að búsetuúrræðinu á Njálsgötu og að starfsmenn fengu fræðslu við hæfi, bæði í formi námskeiða sem og í formi upplýsinga í fræðslumöppu. Einnig kom fram að yfirmenn í búsetukjarnanum fylgdu vel eftir að þeirri fræðslu sem til staðar var kæmist til skila og markviss og jákvæð vinnubrögð væru notuð.

Það sem kom í ljós var að þeir sem fengu úthlutað í úrræðið voru flestir með mikil hegðunarfrávik og hefur nábylið bæði við þá sem tilheyra búsetukjarnanum og ekki síður annara íbúa í stigaganginum ekki verið til að styrkja æskilega hegðun. Með sjálfstæðri búsetu er ætlunin að undirbúa íbúana undir að takast betur á við athafnir daglegs lífs.

Fjárhagsáætlun:

Ekki er áætluð nein breyting á fjárhagsáætlun þar sem starfmenn koma til með að hafa aðgengi að starfsmanna aðstöðu og einnig verður starfsmanna fjöldinn sá sami eftir breytingar.

Þjónustan mun sinna sama fjölda íbúa, níu einstaklingum, sem geta verið með búsetu á ólíkum stöðum í borginni en allir hafa fengið úthlutun í sértækt búsetuúrræði. Starfsmanna aðstaða verður til að byrja með áfram á sama stað á Njálsgötu en leitast verður við að finna nýja staðsetningu þar sem starfmenn og íbúar geta komið saman og þar sem tómsundaiðkun getur einnig átt sér stað. Leitast verður við að samnýta það húsnæði sem þegar er í notkun hjá þjónustumiðstöðinni.

Aðgangur að bíl þarf að vera fyrir teymið og það er einnig verið að horfa til samnýtingar við aðra búsetukjarna sem eru með bíl til umráða.

Niðurstaða:

Með stofnun Liðsaukans er leitast við að styrkja nokkur meginviðmið í stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk. Unnið er að því að auka valmöguleika á þjónustuleiðum. Tryggja einstaklingsmiðaða, heildstæða og sveigjanlega þjónustu og tryggja að fatlað fólk hafi val um það hvernig þjónusta sem það þarfnast er veitt. Stuðla að því að fatlað fólk hafi val um hvar og með hverjum það býr og að þjónustuleiðir séu óháðar húsnæði. Einnig að stuðla að því að fatlað fólk geti búið við fjölbreyttari aðstæður en hingað til í afmörkuð og tiltekin búsetuform á vegum sveitarfélagsins.

Sjá meðfylgjandi greinargerð „Liðsaukinn – hreyfanleg aðstoð í búsetu“.



Liðsaukinn

Hreyfanleg aðstoð í búsetu

Liðsaukinn – tillaga að stofnun hreyfanlegs teymis til stuðnings fötluðu fólki á heimili sínu

-stutt samantekt-

- Stefnt er að stofnun hreyfanlegs teymis, liðsauka, sem veitir fötluðu fólki stuðning á heimilum sínum. Við stofnun teymisins er gert ráð fyrir að skilað verði inn íbúðum í búsetukjarnanum að Njálsgötu og fengnar verði nýjar íbúðir þvert á Reykjavík.
- Liðsaukinn mun þjónusta fólk með þroskahamlanir og skyldar raskanir sem jafnframt er að takast á við hegðunar og –eða fíknivanda og fellur undir þjónustuflokka I og II samkvæmt þjónustumati Reykjavíkurborgar.
- Markmið liðsaukans er að veita einstaklingsmiðaðan og heildstæðan stuðning inn á heimili fatlaðs fólks. Liðsaukinn mun aðstoða við allar athafnir daglegs lífs og stefna að því að auka lífsgæði og færni einstaklingsins.
- Liðsaukinn mun starfa eftir stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk, lögum um málefni fatlaðs fólks og sáttmála sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
- Stefnt er að því að veita jafn yfirgripsmikla þjónustu og veitt er í utankjarnaþjónustu en þó án kjarnans og er þá helst verið að miða að þeim hóp sem vill ekki tengjast búsetu/þjónustukjarna. Það sem einnig greinir á milli er að öll þjónusta fer fram á heimili þjónustuþega eða á þeim stöðum sem viðkomandi þarfnast þjónustu.

Tillaga að stofnun hreyfanlegs teymis til stuðnings fötluðu fólki á heimili sínu

Unnin af Sigrúnu B. Jónsdóttur og Rögnvaldi Þórssyni í lok árs 2016

Liðsaukinn – hreyfanleg aðstoð í búsetu

Hópur fatlaðs fólks er margbreytilegur og koma verður til móts við þjónustuparfir hans með mismunandi hætti. Jaðarhópur ungs fólks með fötlun og/eða margvísleg þroskafrávik hefur reynst sérstaklega viðkvæmur og flókinn í þjónustu. Hópurinn einkennist af því að eiga sterka sameiginlega þrá um að lifa sjálfstæðu lífi eins og ófatlað fólk. Erfiðleikar í félagstengslum sem m.a. einkennast af mótþróa í samskiptum við aðstandendur og þjónustuveitendur gera það að verkum að þessi hópur á oft að baki brotin félagstengsl og skólagöngu. Á sama tíma og jafnaldrar hópsins eru í framhaldsnámi eða að hefja starfsferil og flytja að heiman verður sérstaða hópsins og vaxandi einangrun áberandi. Vandamál tengd aðlögunarerfiðleikum svo sem neysla, afbrot og slæmur félagsskapur taka við sem alvarlegir áhættuþættir þegar þetta unga fólk yfirgefur foreldrahús og tekur sín fyrstu skref í sjálfstæðu lífi. LIÐSAUKINN er hugsaður sem sérhæfður stuðningur við upphaf búsetu þessa hóps.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu markmiðunum með stofnun teymisins, tengsl þess við stefnu Reykjavíkurborgar, markhópi aðstoðarinnar, skipulagi aðstoðarinnar sem teyminu verður gert að sinna og innra skipulagi teymisins.

- **Þjónusta teymisins tekur mið af eftirfarandi**
 - Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992
 - *1 gr. sem er: Markmið þessara laga er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg lífkjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.*
 - *25. gr. sem er: Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttaða aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.*
 - Reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu nr. 1054/2010
 - *Markmiðið með reglugerð þessari er að fatlað fólk fái félaglega þjónustu og sérstakan stuðning til þess að geta búið þannig að sem best henti hverjum og einum. Skal tekið mið af óskum, aðstæðum og þörf fyrir þjónustu. Fylgt skal þeirri meginreglu að fólk eigi val um hvernig það býr, enda sé það í samræmi við það sem almennt tíðkast.*
 - Stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum 2013-2023
 - *Aðstoð og þjónusta á heimili einstaklings skal vera á hans forsendum og byggð á óskum hans og ákvörðunum, eins og frekast er unnt. Þjónustan skal mæta þörfum sem til eru komnar vegna fötlunar og miða að því að einstaklingurinn geti lifað sjálfstæðu og innihaldsríku lífi og tekið þátt í samfélaginu.*

- *Reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016*
 - *1. gr. sem er: Reglugerð þessi tekur til húsnæðisúrræða fyrir fatlað fólk 18 ára og eldra. Markmið hennar er að fatlað fólk geti búið í viðeigandi húsnæði í samræmi við þarfir sínar m.a. vegna fötlunar.*

Liðsaukinn hefur eftirfarandi markmið

- Að gera íbúum kleift að búa sjálfstætt við góð lífsskilyrði.
- Að veita heildstæðan og einstaklingsmiðaðan stuðning sem styrkir einstaklinginn til að eiga sjálfstætt og innihaldsríkt líf bæði innan og utan heimilis.
- Að veita aðstoð á forsendum íbúa þar sem hann er styrktur til að hafa áhrif á eigið líf og mið tekið af óskum hans og ákvörðunum eins og frekast er unnt.
- Að veita íbúum aðstoð og stuðning sem eflir þá til að ráða við aðstæður sínar og styrkir sjálfsmynd, sjálfsvirðingu og lífsgæði þeirra.
- Að auka lífsgæði íbúa og færni þeirra í athöfnum daglegs lífs þannig að unnt verði að draga úr aðstoð eftir því sem við á í hvert skipti með það að marki að færa stuðninginn hægt en örugglega frá Liðsaukanum til nærumhverfis/þjónustumiðstöðva. Einnig er mikilvægt að íbúar geti fengið aukinn stuðning t.a.m. stuðning í sértæku húsnæðisúrræði ef ljóst þykir að aðstoð sem veitt er á grundvelli Liðsaukans sé ekki nógu umfangsmikil.
- Að fjölga valmöguleikum fatlaðs fólks þegar kemur að stuðningi og búsetu.

Markhópur Liðsaukans er

- Fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir sem er jafnframt að takast á við hegðunar – og/eða fíknivanda eða aðrir þeir sem af einhverjum ástæðum hafa ekki getað fótað sig í hefðbundinni stuðningsþjónustu og sem geta nýtt sér stuðning Liðsaukans.
- Horft er til þess að þeir einstaklingar sem flokkist í þjónustumati Reykjavíkurborgar undir þjónustuflokka I og II komi til greina í þessa þjónustu.
- Miðað er við að teymið aðstoði fólk sem er að hefja sjálfstæða búsetu í fyrsta sinn.

Faglegur grunnur þjónustunnar

- Fræðilegur grunnur byggir á kerfislægri nálgun (ecological systems theory) og að stuðningur við fatlað fólk sé margþættur og einstaka þættir samtengdir. Meðal þeirra eru líkamleg umönnun og heilsufar, andleg líðan og tilfinningaþroski, vitsmunalegur þroski og félagsleg tengsl.

Þjónusta Liðsaukans verður í boði í öllum hverfum borgarinnar

- Liðsaukinn tilheyrir Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
- Laugavegur 77
- 411 1600
- vmh@reykjavik.is

Innra skipulag Liðsaukans

- Í Liðsaukanum munu starfa forstöðumaður og deildastjóri. Miðað er við að grunnmönnun verði 1,5 stöðugildi en 2 á álagstímum á hverja fjóra íbúa. Gert er ráð fyrir stöðugildum umfram grunnmönnun vegna þjónustuþarfa einstaklinga og öryggis starfsmanna.
- Liðsaukinn mun reka bíl og hjól sem verða eingöngu notuð af starfsmönnum teymisins.
- Liðsaukinn mun hafa afnot af afþreyingar- og samkomustöðum á vegum borgarinnar, s.s. samfélagshúsum líkt og Vitatorgi, skúrnum á Skarphéðinsgötu, Spennustöðinni í Miðborginni og íþróttasal á vegum borgarinnar. Einnig mun Liðsaukinn vera í samstarfi við verkefnisstjóra félagsauðs og frístunda á þjónustumiðstöðvum með það markmið að leiðarljósi að tengja íbúa inn í almenna félagsstarfsemi.

Bakland og stuðningur við Liðsaukann

- Í stýrihópi Liðsaukans eru fulltrúi frá velferðarsviði, framkvæmdastjóri, deildarstjóri og verkefnastjóri ÞVMH auk forstöðumanns og deildastjóra Liðsaukans. Stýrihópurinn fylgir þróun verkefnisins eftir og hittist eigi sjaldnar en einu sinni á önn.
- Liðsaukanum verður gert fært að sinna sí- og endurmenntun á sínu sérhæfða sviði með utanaðkomandi fræðslu og ráðgjöf.
- Stjórnendur og starfsmenn Liðsaukans skulu hafa aðgang að reglulegri hóphandleiðslu fagaðila og einstaklingshandleiðslu ef þörf er á.

Tengsl við stefnu Reykjavíkurborgar

Í stefnu Reykjavíkurborgar er lögð áhersla á að þróaðar séu margvíslegar leiðir í þjónustu við fatlað fólk til að auðvelda því að búa sjálfstætt. Með stofnun Liðsaukans er leitast við að styrkja nokkur meginviðmið í stefnu Reykjavíkurborgar við fatlað fólk í sessi. Þessi viðmið eru

- að auka valmöguleika á þjónustuleiðum.
- að tryggja einstaklingsmiðaða, heildstæða og sveigjanlega þjónustu.
- að tryggja að fatlað fólk hafi val um það hvernig þjónusta sem það þarfnast er veitt.
- að stuðla að því að þjónustuleiðir séu óháðar húsnæði.
- að stuðla að því að fatlað fólk hafi val um hvar og með hverjum það býr.
- að stuðla að því að fatlað fólk geti búið við fjölbreyttari aðstæður en afmörkuð og tiltekin búsetuform á vegum sveitarfélaga.

Staðsetning Liðsaukans innan þjónustukeðju Reykjavíkur

Í sem stystu máli mætti segja að með Liðsaukanum verði sameinuð hefðbundin stuðningsþjónusta sem þegar er í boði; heimaþjónusta, liðveislu og frekari liðveislu í eitt heildstætt og sveigjanlegt þjónustuform sem gæti nýst þeim sem ekki hafa forsendur til að þiggja hefðbundna stuðningsþjónustu t.a.m. vegna þess að þeir hafa þarfir umfram það sem hefðbundin stuðningsþjónusta nær að sinna.

Þess ber að geta að nú þegar er til þjónusta sem samþættar og sameinar mismunandi form stuðningsþjónustunnar, þ.e. *þjónusta út frá kjarna*, og er hún fyrirmynd þeirrar þjónustuleiðar sem hér er ígrunduð.

Út frá kjarna þjónusta býr yfir þeim kostum umfram hefðbundna stuðningsþjónustu að hún býður uppá sveigjanlegri þjónustutíma, meira aðgengi að þjónustuveitendum og meiri möguleika á því að sérhæfa sig í þörfum tiltekins þjónustuhóps. Þá má ekki gleyma því að í hverjum kjarna fyrir sig er mikill mannauður sem vinnur í sameiningu að því að hlúa að hagsmunum notenda þjónustunnar á meðan starfsmenn stuðningsþjónustunnar eru oftast ekki einir á vettvangi. *Þjónusta út frá kjarna* er þar af leiðandi heildstæðari og yfirgrípsmeiri þjónusta en hefðbundin stuðningsþjónusta.

Liðsaukinn mun leitast við að varðveita þessa kosti sem *út frá kjarna þjónustan* býr yfir en greinir sig þó að nokkru leiti frá henni. Þannig miðar *þjónusta út frá kjarna* við að íbúi sé í næsta nágrenni við kjarnann. Liðsaukinn gerir ekki þá kröfu. Í *þjónustu út frá kjarna* er jafnframt ekki talinn neinn möguleiki á næturþjónustu, Liðsaukinn útilokar hana ekki.

Í skýrslu um stefnu Reykjavíkur um *þjónustu út frá kjarna* kemur hins vegar fram að reynslan sýni að þeir sem nýta sér *út frá kjarnaþjónustu* hafi áhuga og vilja til að mæta í kjarnann og sinna félagslegum þörfum sínum. Því er mikilvægt að stofna til skipulagðra félagslegra athafna á vegum Liðsaukans sem íbúar geta nýtt sér.

Umfang og eðli þjónustu

Litið er á þjónustuleiðina sem búsetustuðning þar sem þjónustuveitendur taka í upphafi að sér alla stuðningsþjónustu við íbúa. Dæmi um aðstoð sem verður veitt er aðstoð við heimilishald, aðstoð við að vakna, persónulegt hreinlæti, fjármál, samskipti við lækna, félagsráðgjafa, sálfræðinga og aðra mikilvæga aðila í samfélaginu, samskipti við nærumhverfi og fjölskyldu, aðstoð við félagslegar athafnir, að finna vinnu, skóla eða sinna áhugamálum auk annarar aðstoðar við hvers kyns aðstæður sem upp gætu komið. Íbúar munu hafa aðgang að starfsmönnum frá kl: 08:00 – 23:00.

Álagstímar í starfi verða að öllum líkindum á morgnana, í hádegi og um kvöldmatarleitið. Við gerð mönnunarlíkansins verður gert ráð fyrir undirbúningsvinnu starfsmanna, s.s. vegna samstarfs og samvinnu við mikilvæga tengiliði, vinnu við einstaklingsáætlanir, markmiðagerð o.s.frv.

Þá þurfa þjónustuparfir þeirra sem stuðninginn nýta ávallt að liggja til grundvallar mönnunarlíkani Liðsaukans. Mönnunarlíkanið þarf þar af leiðandi að vera sveigjanlegt og geta tekið breytingum ef aðstæður krefjast þess.

Markmiðið með aðstoðinni mun ávallt vera að auka lífsgæði og færni íbúa í athöfnum daglegs lífs þannig að unnt verði að draga úr þjónustu Liðsaukans eftir því sem við á í hvert skipti og færa hana hægt og rólega frá Liðsaukanum til nærumhverfis/þjónustumiðstöðva. Jafnframt er mikilvægt að greið leið sé fyrir íbúa að fá aukna aðstoð t.a.m. sólarhringsþjónustu í sértæku húsnæðisúrræði ef ljóst þykir að aðstoðin sem veitt er á grundvelli teymisins sé ekki nógu umfangsmikil. Til að hægt verði að ná þessu markmiði verða tvenns konar matstæki nýtt í starfi Liðsaukans, annars vegar matstæki þar sem mat þjónustuveitenda á þjónustupörf viðkomandi kemur fram og hinsvegar matstæki sem metur upplifun íbúa af aðstoðinni sem hann fær og væntinga hans til þróunar hennar.

Eftirfylgni

Þjónustusamningar verða alltaf endurmetnir á ársfresti og farið verður yfir breytingar sem þurfa að eiga sér stað að lágmarki innan þess tímaramma. Stofnuð verða teymi í kringum hvern íbúa sem í sitja íbúi, fulltrúar frá Liðsaukanum, málstjórar á vegum þjónustumiðstöðva og eftir atvikum aðrir aðilar sem íbúi óskar eftir. Þessi teymi munu funda að lágmarki einu sinni í mánuði og jafnvel einu sinni í viku en á teymisfundum gefst tækifæri til að ræða stöðu mála; hvað gangi vel, hverju þurfi að breyta o.s.frv. Með því að funda reglulega með málstjóra frá þjónustumiðstöð heimahverfis er jafnframt lagður grundvöllur að tengingu íbúans við sitt hverfi.

Markhópur

Liðsaukinn mun aðstoða fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir sem er jafnframt að takast á við hegðunar – og/eða fíknivanda eða aðra þá sem af einhverjum ástæðum hafa ekki getað fótað sig í hefðbundinni stuðningsþjónustu. Þeir einstaklingar sem flokkist í þjónustumati Reykjavíkurborgar undir þjónustuflokka I og II komi til greina í þessa þjónustu.

Úthlutun

- Sótt er um þjónustu Liðsaukans í gegnum sértækt búsetuúrræði Velferðarsviðs, með hliðsjón af lögheimili hvers og eins.
- Þjónustumiðstöð veitir upplýsingar og stuðning vegna umsóknarinnar.
- Verklag um umsóknir og úthlutun í sértækum húsnæðisúrræðum gildir um úthlutanir í þjónustu Liðsaukans.
- Fagfundur á þjónustumiðstöð samþykkir á biðlista út frá þjónustubörfum og tegund fötlunar. Niðurstöður eru bókaðar og skráðar í málaskrá.
- Úthlutunarteymi í sértækum húsnæðisúrræðum sér um að úthluta í þjónustu frá Liðsaukanum í samvinnu við forstöðumann Liðsaukans.

Þjónusta á vegum Liðsaukans mun eingöngu standa þeim til boða sem hafa fengið úthlutun frá úthlutunarteymi sértækra húsnæðisúrræða. Til að úthlutun verði byggð á réttum forsendum er mikilvægt að um samstarf sé að ræða á milli Liðsaukans og úthlutunarteymis. Þörf er á því að viðkomandi aðilar ákvarði í sameiningu hvernig best sé að meta hverjum skuli úthlutað þessi þjónusta.

Miða skal við að þjónustubörf verði metin út frá matskerfi stuðningsþjónustunnar sem titlað er “Mat á þjónustubörf vegna stuðningsþjónustu” með þeim fyrirvara þó að úthlutun í þjónustu sem veitt er af Liðsaukanum þarf að grundvallast á afmarkaðri skerðingum en úthlutun í stuðningsþjónustu. Að öllu jöfnu er miðað við að meginvandi þeirra sem úthlutað er í þessa búsetuþjónustu sé andleg/geðræn fötlun en ekki líkamleg.

Þjónustusamningar

Eftir að íbúa hefur verið boðin þjónusta á vegum Liðsaukans þarf hann að skrifa undir þjónustusamning. Í upphafi þjónustu munu ráðgjafi/málstjóri frá þjónustumiðstöð og fulltrúi frá Liðsaukanum og skýra íbúa frá eðli aðstoðarinnar sem honum hefur verið úthlutað, réttindi hans og skyldur. Með þessum hætti er hægt að styrkja það stefnumið Reykjavíkurborgar í sessi að *húsnæði sé óháð þjónustuleiðum*. Þjónustusamningar þurfa að vera undirritaðir af fulltrúa Liðsaukans, fulltrúa þjónustumiðstöðvar og íbúa.

Í byrjun janúar 2017 verður settur saman starfshópur sem hefur það markmið að skrifa nýja þjónustusamninga.

Innra skipulag Liðs aukans

Liðs aukinn mun starfa þvert á borgina og þjónusta íbúa í öllum hverfum Reykjavíkur. Lögð hefur verið fram sú tillaga að teymið stofni til samstarfs við vettvangs- og ráðgjafateymið sem staðsett er í Gistiskýlinu.

Öll stöðugildi sem nú eru í búsetukjarnanaum á Njálsgötu koma til með að halda áfram starfsemi sinni en í breyttri mynd. Miðað er við að grunnmönnum verði 1,5 stöðugildi en 2 á álagstímum á hverja fjóra íbúa eins og getið er á um í Skýrslu starfshóps um útfærslu á grunnmönnum frá 2016. Gert er ráð fyrir stöðugildum umfram grunnmönnum vegna þjónustuparfa einstaklinga og öryggis starfsmanna.

Starfsmenn Liðs aukans þurfa að hafa aðgang að öllum þeim farartækjum sem nauðsynleg eru til að sinna aðstoð innan Reykjavíkur. Um er að ræða bíl, hjól og strætó. Einnig þurfa starfsmenn á vakt að hafa síma til að geta verið með síma á sér.

Starfsmenn Liðs aukans hafa aðgang að fjármagni til að geta sinnt tóms tustundastarfi með íbúum, svipað og gengur og gerist í félagslegri liðveislu. Reynslan sýnir að sá hópur sem ráðgert er að Liðs aukinn aðstoði á sérstaklega erfitt með að skipuleggja fjármál sín með þeim hætti að nóg sé til fyrir heilbrigðum áhugamálum og skemmtun. Þá má benda á að fjármagn sem er eyrnamerkt tóms tustundastarfi með þessum hætti eykur á gott samstarf milli þjónustuveitenda og þjónustuþega að svo miklu leyti sem sá síðarnefndi ætti að eiga auðveldara með að sjá kosti þjónustunnar sem eykur líkurnar á að hann standi við gerða samninga.

Teymið kemur til með að nýta sér svæði innan hverfa þar sem hægt er að veita frekari stuðning. Í því skyni má nefna Vitatorg en þar væri hægt að setja upp aðstöðu til ýmiskonar skemmtunar eins og pool, fótboltaspil, þythokki og fleira. Einnig getur fólk komi þar saman til að fá sér hádegismat. Aðrir staðir sem koma til greina eru t.d. Skúrinn við Skarphéðinsgötu og Spennustöðin. Einnig væri tilvalið ef starfsemin gæti boðið upp á mjög ódýra íþróttaiðkun sem opin væri bæði fótluðum og ófótluðum og með því aukið á samskipti og sameiningu þessara hópa.

BORGARRÁÐ 2.2.2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um styrk til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna byggingu blaðamannastúku - R17020015

Lagt er til að borgarráð samþykki styrkveitingu til Knattspyrnufélagsins Víkings vegna byggingar blaðamannastúku við keppnisvöll félagsins. Styrkurinn nemi 2,1 milljón króna eða sömu upphæð og Reykjavíkurborg innheimtir í gatnagerðargjöld vegna byggingarinnar. Um er að ræða óupphitað mannvirki inni á miðju svæði félagsins og verður borgin ekki fyrir útgjöldum vegna þess.

BORGARRÁÐ 2.2.2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bættu strætisvagnatengingu í Skerjafirði - R17020014

Borgarráð Reykjavíkur beinir því til stjórnar Strætó bs. að leitast verði við að koma á beinni strætisvagnatengingu milli Skerjafjarðar og þeirra skóla og íþróttamannvirkja sem þjóna íbúum hverfisins, þ.e. Melaskóla, Hagaskóla og KR-svæðisins.